

STJÓRN SORPU BS.

Ár 12018, þriðjudaginn 24. apríl kl. 7.30, var haldinn 389. stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins miðvikudaginn 25.04.2018, kl.07:30. Fundarstjóri: Halldór Auðar Svansson stjórnarformaður. Mætt voru: Halldór Auðar Svansson stjórnarformaður, Guðmundur Geirdal, Bjarni Torfi Álfþórsson, Sturla Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir og Hafsteinn Pálsson. Kolbrún Þorsteinsdóttir boðaði forföll. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Fram fer kynning á niðurstöðum útboðs í byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar sem opnuð voru þriðjudaginn 17. apríl sl. Eftirfarandi tilboð bárust:

Bjóðandi	Upphæð með vsk.	Hlutfall af lægsta
Ístak	4.116.008.927	100,0%
ÍAV	4.149.481.748	100,8%
Munck	4.476.838.986	108,8%

Unnið er að yfirferð tilboða og beðið niðurstöðu.

2. Fram fer kynning á grænu bókhald SORPU fyrir árið 2017 sem er endurskoðað og staðfest af löggiltum endurskoðanda. Stjórn staðfestir grænt bókhald SORPU og undirritar.
3. Lögð fram kvörtunin til Eftirlitsstofnunar ESA sem Íslenska ríkinu hefur borist vegna meintra ríkisstyrkja sem SORPA bs. nýtur í formi undanþágu frá tekjuskatti. Framkvæmdastjóri greinir frá því að svar sé unnið í samstarfi lögmans félagsins og embætti borgarlögmans.
4. Fram fer kynning á því að stefnt sé að formlegri opnun Efnismiðlun Góða hirðisins 9. maí nk.
5. Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 2. maí kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundir slitið klukkan 08:20

Halldór Auðar Svansson

Guðmundur Geirdal
Sturla Þorsteinsson
Hafsteinn Pálsson

Bjarni Torfi Álfþórsson
Rósa Guðbjartsdóttir